

Myndlistaskólinn í Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2004

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar
131. löggjafarþing 2004-2005.
Þskj. 323-296. mál.**

Um kynningu á íslenskri list og hönnun í sendiskrifstofum Íslands.

Innan Myndlistaskólans í Reykjavík er því fagnað að fram komi tillaga þessa efnis. Tillagan sýnir að flutningsmenn átta sig á mikilvægi þess að kynna markvisst íslenska list og hönnun sem víðast. Listir og menning vega þungt er kemur að mynd þjóðar út á við; listir og hönnun af háum gæðum og fagleg, vönduð framsetning segja meira en mörg orð um stöðu mennta og menningar hjá viðkomandi þjóð. Á hinn bóginn verður að minna á að ófagleg vinnubrögð og ómeðvitað val á verkum gefa einnig ákveðin skilaboð um stöðu menntunar og menningarmála.

Það er ljóst að slíkar kynningar eru vandaverk. Það er því ákaflega mikilvægt að faglega sé unnið og að til verka séu fengnir viðurkenndir aðilar með menntun á sviði lista og hönnunar. Það er við hæfi að KÍM (Kynningarmiðstöð Íslenskrar myndlistar) verði fengin til að skipuleggja og setja fram slíkar kynningar í samvinnu við opinber söfn eða samtök listamanna og hönnuða og að persónulegur smekkur og tengsl starfsmanna sendiskrifstofanna verði ekki látinn ráða ferðinni.


Það er álit undirritaðra að persónuleg sambönd starfsmanna og ræðismanna við listamenn, samtök, stofnanir og fyrirtæki séu ekki til þess fallin að stuðla að faglegum og vönduðum kynningum á íslenskri list og hönnun.

Því er gerð athugasemd og lagt til að felld sé niður með öllu sú setning í þingsályktunartillögunni sem segir: *"Einnig væri hægt að nýta þau sambönd sem starfsmenn sendiráða og jafnvel ræðismenn hafa við einstaklinga, samtök, stofnanir og fyrirtæki og ná þannig fram miklum árangri samhliða hagkvæmni og sparnaði."*


Listaháskóli Íslands og listaháskólar erlendis hafa á undanförmum árum menntað fjölda fólks á sviði sjónlista sem nú er starfandi hérlendis og sem þroskað hefur með sér fagmennsku á sviði sjónlista og þekkingu á alþjóðlegu lista- og hönnunarumhverfi. Það er grundvallaratriði ef gera á átak í að kynna íslensk verk á sviði lista og hönnunar að þeir sem valdir verða til að standa að kynningunum séu vel menntaðir fagmenn, sem átta sig á stöðu íslenskrar hönnunar og lista í alþjóðlegu samhengi. Undirrituð eru tilbúin til að hitta flutningsmenn þingsályktunartillögunnar til frekari viðræðna ef þess er óskað.


Virðingarfyllst,

fyrir hönd Myndlistaskólans í Reykjavík,


Þóra Sigurðardóttir
skólastjóri

Sólveig Aðalsteinsdóttir
deildarstjóri




Kristinn G. Harðarson
myndlistamaður, í stjórn skólans